



Kennslupakki Book Creator

Þessi kennslupakki eru til að gera kennsluráðgjöfina markvissari og til að auka líkurnar á því að kennari og nemendur haldi áfram að auka við hæfni og þekkingu á nýtingu appsins í námi og kennslu eftir kennsluráðgjöfina.

Fyrsti tími með kennara þarf ekki að vera langur og mætti í sumum tilvikum vera samskipti með tölvupósti. Eins má sameina kennslustundir, allt eftir aldri nemenda og verkefnum.

Fyrsti tími þar sem kennari og kennsluráðgjafi hittast

Kanna þarf fyrst þekkingu kennara og nemenda á appinu.

Kunna nemendur á appið? Ef já þá hve mikil er sú þekking?

- Geta sett inn texta og breytt letri og lit
- Geta unnið með bakgrunsliti
- Geta sett inn mynd og myndband
- Geta teiknað og skipt um lit og stærð á penna
- Geta sett inn hljóð
 - Tekið upp hljóð í appinu
 - Sett inn hljóð t.d. úr Garageband eða af Google Drive
 - Geta sett inn kort (Google maps)
- Geta sett inn vefsíðu og youtube myndbönd
- Geta breytt heiti bókar og sett inn nafn höfundar
- Geta flutt út bók og vistað t.d. á Google Drive
- Geta sameinað bækur

Fyrsta kennslustund með kennara og nemendum

Kennsluráðgjafi byrjar á að ræða við nemendur og ef þeir kunna á appið þá þarf hann að staðsetja kennsluna miðað við þá þekkingu. Hafi nemendur ekki kynnt sér appið þarf að segja nemendum stuttlega frá hvað hægt er að gera í appinu og hvernig það getur nýst þeim í náminu. Hann kennir nemendum á þau verkfæri sem talin eru upp hér að ofan.

Tími u.þ.b. 40 mínútur.





Önnur kennslustund með kennara og nemendum

Kennari leggur inn verkefni og kennsluráðgjafi er til aðstoðar.
Tími sveigjanlegur.

Þriðja kennslustund með kennara og nemendum

Nemendur skila bókum á Google Drive eða Google Classroom og kennsluráðgjafi er til aðstoðar.
Tími sveigjanlegur.

Síðasti tími þar sem kennari og kennsluráðgjafi hittast

Kennari og kennsluráðgjafi skoða verk nemenda og meta afrakstur.

- Var hann í samræmi við markmið?
- Hvað var gott?
- Hvað mætti betur fara?
- Hver eru næstu skref kennarans?